

Reglur um starfshætti starfsnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar sbr. 27. gr. samþykkta sjóðsins

1. Skipan starfsnefndar

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) skipar sérstaka starfsnefnd í samræmi við 27. gr. samþykktu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og stjórnar LsRb, sbr. gr. 4. 1 í samþykktum fyrir sjóðinn.

Starfsnefndin er skipuð fimm fulltrúum. Tveir eru tilnefndir af fulltrúum Reykjavíkurborgar í stjórn LsRb og tveir af fulltrúum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í stjórninni. Að auki skal einn varamaður tilnefndur af hálfu hvors aðila. Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs LSS á jafnframt sæti í starfsnefndinni og stýrir fundum hennar.

Starfsmenn LSS starfa með starfsnefndinni og veita henni starfsaðstöðu og þjónustu eftir þörfum.

2. Verksvið og skyldur starfsnefndar

Starfsnefndinni ber að fylgjast með viðmiðunum fyrir þá sjóðfélaga sem taka lífeyri samkvæmt eftirmannsreglu sbr. gr. 27.1 í samþykktum og gefa stjórn sjóðsins umsögn um ágreiningsmál sem þar eru til meðferðar sbr. gr. 27.2. Starfsnefnd getur sjálf átt frumkvæði að því að taka til athugunar viðmiðunarlaun sjóðfélaga jafnframt því sem hún afgreiðir erindi frá stjórn sjóðsins, lífeyrisþegum, stéttarfélögum og starfsmönnum sjóðsins. Tillögur starfsnefndar til stjórnar sjóðsins skulu vera skriflegar og rökstuddar.

Nefndarmenn skulu í störfum sínum vinna í anda samþykktu sjóðsins en ekki sem hagsmunagæslumenn einstaklinga, stéttarfélaga eða atvinnurekanda. Starfsnefndin skal leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu í afgreiðslu mála. Náist hún ekki fer malið sjálfkrafa fyrir stjórn sjóðsins og fylgir með rökstuðningur fyrir mismunandi afstöðu.

Starfsnefndin fjallar í umboði stjórnar um vafa- og ágreiningsmál þegar ákveða ber viðmiðunarlaun fyrir þá sjóðfélaga sem velja að lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á greiddum launum fyrir það starf sem þeir gegndu síðast sbr. gr. 26.1 í samþykktum. Ákvörðun stjórnar sjóðsins skal tekin að fenginni umsögn starfsnefndar.

Þegar leiðréttung á lífeyri felur í sér meira en 30% hækkan viðmiðunarlauna fyrir fullt starf, skulu starfsmenn sjóðsins leggja malið fyrir starfsnefnd.

MS / JH
YH / SS
AC

3. Fundir starfsnefndar

Starfsnefnd skal funda reglulega og halda skriflegar fundargerðir. Sviðsstjóri réttinda- og lögfræðisviðs LSS er ritari nefndarinnar. Í fundargerð skal sérstaklega tilgreina þau mál sem taka ber upp sem sérstaka liði á dagskrá stjórnarfundar LsRb.

Ritari starfsnefndarinnar undirbýr dagskrá starfsnefndarfunda og sendir út ásamt fundarboði. Að jafnaði skal dagskrá ásamt öllum málsgögnum berast starfsnefndarmönnum fimm dögum fyrir nefndarfund. Í undantekningartilvikum geta frestir verið skemmri en þó skulu gögn ætið hafa borist tveimur sólarhringum fyrir fund.

4. Vanhæfi

Starfsnefndarmaður skal ekki taka þátt í meðferð né afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða hans mótið að einhverju leyti þar af. Starfsnefndarmaður er jafnframta vanhæfur til meðferðar og afgreiðslu máls ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Aðrir nefndarmenn taka ákvörðun um hvort hlutaðeigandi nefndarmanni beri að víkja sæti. Sá nefndarmaður sem ákvörðun snýr að skal taka þátt í ákvörðun um hæfi sitt.

5. Tilkynning um meðferð máls og andmælaréttur

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig áður en starfsnefnd setur fram umsögn/tillögu um afgreiðslu þess til stjórnar enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft af öðrum ástæðum.

Sé tilkynningar þörf samkvæmt framangreindu skal tilkynna aðila skriflega um það að mál hans verði lagt fyrir starfsnefnd sjóðsins. Í tilkynningu skal geta þeirra gagna sem þegar liggja fyrir og vakin athygli hans á rétti til að koma að frekari gögnum og sjónarmiðum. Aðila skal veittur frestur í þessu efni sem að jafnaði skal ekki vera skemmri en 14 dagar.

Aðili getur óskað eftir því að afgreiðslu máls hans verði frestað í hæfilegan tíma uns honum hefur gefist tími til þess að afla gagna og gera grein fyrir afstöðu sinni.

6. Gagnaöflun

Starfsnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst og að aflað hafi verið nauðsynlegra gagna áður en hún afgreiðir erindi.

HJS / PM
JH
AK

7. Upplýsingaréttur

Aðili mál á rétt á að kynna sér gögn er mál hans varða. Fari hann fram á að fá afrit af gögnum málს skal orðið við þeirri beiðni.

8. Málshraði

Starfsnefnd skal taka mál fyrir á næsta fundi eftir að erindi berst. Stefnt skal að því að umsögn/tillaga starfsnefndar liggi fyrir innan sex vikna frá því að mál er fyrst tekið fyrir. Sé fyrirsjáanlegt að afgreiðsla málს muni tefjast t.d. sökum gagnaöflunar ber að skýra aðila málს frá því. Upplýsa skal aðila um ástæður tafanna og hvenær þess má vænta að málið verði afgreitt frá nefndinni til stjórnar.

9. Jafnræðisreglan og regla um skyldubundið mat

Starfsnefnd skal gæta samræmis og jafnræðis í afgreiðslu mála og gæta þess að sambærileg mál séu afgreidd á sama hátt. Starfsnefnd skal þó ætíð meta hvert mál sérstaklega út frá þeim aöstæðum sem þar kunna að vera fyrir hendi.

10. Rökstuðningur

Starfsnefnd skal rökstyðja afstöðu sína og tillögur.

11. Þagnarskylda

Á starfsnefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, sjóðsfélaga, og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málს. Nefndarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skulu leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó starfsnefndarmaður láti af starfi í nefndinni.

12. Afgreiðsla erinda og fundargerða

Fundargerðir starfsnefndar skulu ætíð lagðar fyrir næsta reglulega fund stjórnar LsRb.

Tillögur og umsagnir starfsnefndar skulu tekna á dagskrá stjórnar LsRb sem sérstakir dagskrárlöðir. Tillögur starfsnefndar skulu vera skriflegar og rökstuddar.

Eftir að tillaga/umsögn starfsnefndar hefur hlotið afgreiðslu í stjórn LsRb skal ákvörðun tilkynnt aðila málს skriflega.

13. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 5. nóvember 2015 og taka gildi frá 5. nóvember 2015.

Handwritten signatures in blue ink. The top signature on the left is 'Sigurður Þórhallsson' and the bottom signature on the right is 'Síldur Þorvaldsson'. There is also a green handwritten signature at the bottom that appears to read 'Síldur Þorvaldsson'.

